

38. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fela einum eða tveim kjörnum mönnum úr sínum flokki allar framkvæmdir í fjallskilamálum, er hreppsnefndin eptir þessari reglugjörð hefir á hendi.

39. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða, þar sem ekki er annað sjerstaklega ákveðið, sektum frá 2—100 kr., er renna í sveitarsjóð.

Með mál, er af slíkum brotum rísa, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 6. dag júlím. 1899.

J. Havsteen.

Reglugjörð

79

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um fjallskil, eyðing refa o. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir Austurbarðastrandarsýslu um fjallskil, eyðingu refa o. fl.,

sem samin er af sýslunefndinni í nefndri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1899.

I. Stjórn.

1. gr.

Málefni þau, sem þessi reglugjörð á við, standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Austurbarðastrandarsýslu, hveurrar í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt, og að þeir, sem brjóta móti henni, verði kærðir.

2. gr.

Sýslunefnd Austurbarðastrandarsýslu hefir yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum og ráðstöfunum hreppsnefndanna. Þó verður sjerhver þegar að hlýða fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, hvort sem hann áfrýjar þeim eða ekki, en álíti sýslunefnd að honum hafi verið órjettur gjör og hann haft skada af, ákveður hún honum sanngjarnar bætur úr sveitarsjóði.

II. Um sauðfjármörk og markaskrár.

3. gr.

Hafa skal sjerstakt brennimark fyrir hvern hrepp í sýslunni, og skal brennimerkja með því allar hyrndar kindur á vinstra horni. Hreppsnefnd skal sjá um, að til sjeu að minnsta kosti 5 slík brennimörk í hverjum hreppi, er

79 hreppsbúar fá lánuð endurgjaldslaust. Brennimörkin má borga með fje úr sveitarsjóði

Brennimörkin skulu vera þannig:

Fyrir Geiradalshrepp B 1.

Fyrir Reykhólahrepp B 2.

Fyrir Gufudalshrepp B 3.

Fyrir Múlahrepp B 4.

Fyrir Flateyjarhrepp B 5.

4. gr.

Sjerhver fjáreigandi skal hafa greinilegt mark á fje sínu. Enginn má hafa afeyrt, nje fleiri en tvö mörk í einu. Nú eignast maður kind, er hann fær eigi markað undir sitt mark, skal hann þá brennimerkja hana á hægra horni með sínu eigin brennimarki, ef hyrnd er, en sje hún kollótt, skal hann færa svo nærri sínu marki, sem unnt er, og festa spjald eða klæði með fangamarki sínu í eyrun.

5. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal endurprenta svo opt, sem sýslunefndinni þykir þörf á. Skipar sýslunefndin fyrir um undirbúning og samning á markaskránni, og lætur síðan prenta hana á kostnað sýslusjóds. Skylt er hverjum markeiganda að láta prenta mark sitt, þegar markaskrá er prentuð.

6. gr.

Nú vill einhver taka upp fjármark, og skal hann þá tilkynna það hreppnefndaroddvitunum í aðliggjandi hreppum sýslunnar, er iunfærir það í markaskrá sína. Enginn má taka upp mark, sem annar sýslubúi hefir. Sá, sem tekur upp nýtt mark, greiði þar fyrir eina krónu til oddvita hreppsins, er aptur greiðir hana í sýslusjóð. Breyting á marki er sama og nýtt mark.

7. gr.

Nú flytur markeigandi inn í sýsluna, skal hann þá tilkynna mark sitt á þann hátt, sem segir í 6. gr. Eigi hann sammerkt við nokkurn í sýslunni, skal hann þá leggja niður það mark, ella semja við hlutaðeiganda um notkun þess.

III. Um fráfarur og rekstur geldfjár til fjalla.

8. gr.

Enginn má færa ám frá, nema í góðu vedri. Skulu lömb setin eigi skemur en 3 sólarhringa í heimahögum. Enginn má kefla lömb.

9. gr.

Hver maður skal reka allt geldfje sitt til fjalla að vorinu, í eigið land, ef til er, ella fá hann sjer upprekstur. Upprekstrartollur skal vera 5 aurar fyrir lamb og 8 aurar fyrir fullorðna kind og 2 kr. fyrir hross, ef eigi er öðruvísi umísamið. Gjaldldagi á þessu er 31. okt.

10. gr.

Nú búa tveir eða fleiri saman á jörðu, og þykir einhverjum meðbúandi sinn, eða eigandi, hafa ofskipað beitarland jarðarinnar, hefir hann þá rjett til á sinn kostnað að krefjast ítölu í landið, er skal gjörð af úttektarmönnum hreppsins, eða ef þeir forfalla vegna ekki geta framkvæmt hana, þá af mönnum, er sýslumaður útnefnir. Skulu þeir meta, hve mikill fjenaður megi vera í beitolandi jarðarinnar, svo að ekki sje ofskipað. Sá, sem er óánægður með ítölu, getur krafizt yfirítölu eptir reglum þeim, sem gilda um yfirúttekt. Ítölu skal hlíta þannig, að hverju jarðarhundraði álízt fylgja tiltölulegur hluti beitarlandsins. Þó er landið því að eins ofbeitt, að í beitarlandi allrar jarðarinnar til samans gangi meiri fjenaður, en vera má eptir ítölnni. Sá, sem ekki hlítir ítölu, greiðir sektir samkvæmt reglugjörðinni.

Sama rjett til að krefjast ítölu hefir nágranni, ef honum þykir land ná búa síns ofskipað. Sömuleiðis skal hreppsnefnd láta gjöra ítölu í allt beitarland hreppsins, ef helmingur ábúanda krefst þess, og greiðist þá kostnaðurinn við ítöluna úr sveitarsjóði.

IV. Um fjallskil.

11. gr.

Tvennar skulu fjalleitir á hausti. Hinar fyrri skulu byrja mánudag í 22. viku sumars, nema hreppsnefnd mæli öðruvísi fyrir. Svo getur og hreppsnefnd skipað eptirleitir eina eða fleiri, ef þurfa þykir. Allt fje úr fjalleitum skal rekið til rjettar.

12. gr.

Sjerhver ábúandi er skyldur til að gjöra fjallskil fyrir fje sitt, hjúa sinna, lausamanna og húsmanna, sem á hans vegum eru, og ennfremur fyrir fje því, sem hann hefir tekið til upprekturs úr öðrum hreppum.

13. gr.

Hreppsnefndin skal á ári hverju skipa fyrir um fjallgöngur og allt, sem þar að lýtur. Skal hún birta skipanir sínar með nægum fyrirvara. Falið getur nefndin einum eða fleiri úr sínum flokki að stjórna fjallskilum. Við niðurjöfnunina skal einungis haft tillit til fjárfjölda. Hreppsnefndin skal kjósa svo marga leitarföngja, sem þörf er á, til að stjórna göngunum, og getur enginn skorazt undan því, enda þótt hann sitji ekki í hreppsnefnd.

14. gr.

Sjerhver sá, sem er óánægður með fjallskilaniðurjöfnun, skal ekki síðar en á næstu hausthreppaskilum kæra slíkt skriflega fyrir hreppsnefndinni, og er nefndin skyld til að hafa svarað kærinni innan mánaðar frá því, er kært var. Skotið getur kærandi málinu til sýslunefndar, enda hafi hann gjört það fyrir lok þess árs.

15. gr.

Skylt er hverjum þeim, er fjallskil á að gjöra, að hlýðnast tafarlaust

- 79 skipunum hreppsnefndarinnar, og það allt að einu, þótt hann sje óánægður með þær og ætli að kæra þær. Nú vanrækir einhver að gjöra fjallskil, og skal þá hreppsnefndin eða leitarforinginn kaupa menn og hesta á hans kostnað, svo fjallskilaskyldu hans sje fullnægt.

V. Um rjettarhöld og meðferð á óskilafje.

16. gr.

Þessar eru lögrjettir:

Í Geirdalshreppi í Gautsdal.

Í Reykhólahreppi á Kinnarstöðum.

Í Gufudalshreppi hjá Djúpafjarðarbotni og Kollafjarðarbotni.

Í Múlahreppi við Axlir hvorartveggju.

Skal úr fyrri göngum rjettað þessa daga:

Í Gautsdalsrjett fyrsta leitar dag.

Í Kinnarstaðarjett miðvikudag næstan eptir.

Í Djúpadalsrjett þriðjudag í 22. viku sumars.

Í Kollafjarðarrjett mánudag í 22. viku sumars.

Í Axlarrjett eystri mánudag í 22. viku sumars.

Í Axlarrjett vestri þriðjudag í 22. viku sumars.

17. gr.

Skyldir eru landeigendur og ábúendur að leyfa rjettarstæði og rjettarbyggingu. Valdi rjettarbygging usla á engjum, er rjett að endurgjalda það af viðkomandi sveitarsjóði í eitt skipti fyrir öll, eptir mati tveggja óvilhallra manna. Nefnir hreppsnefnd til annan, en ábúandi hinn. Komi þeim ekki ásamt, skulu þeir kjósa hinn þriðja. Ræður afl atkvæða um endurgjaldið. Jarðarábúandinn hefir engin umráð yfir rjettinni að undanskildum sínum eigin dilk.

18. gr.

Rjett á að vera á sem haganlegustum stað, og svo gjörð:

a. Að almenningur sje nógu stór.

b. Að sjerhver búandi hafi nógu stórt dilkrúm fyrir allt afrjettarfje af heimili sínu.

c. Að nógu stórt dilkrúm sje til fyrir allt utanhreppsfe.

Skal hver hreppur eiga þar dilkrúm, er hann á fjárvön og kosta það sjálfur, nema öðruvísi sje um samið milli hlutadeigandi hreppsnefnda.

d. Að dilkur sje til fyrir sölufje, ef hreppsnefnd álitur þess þörf.

e. Að allir veggir rjettarinnar og dilkanna sjeu traustir og stöðugir, og svo háir hvervetna, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

Hreppsnefnd skipar að öðru leyti fyrir um rjettarbyggingu og árlegt viðhald. Ábúendur skulu skyldir til að kosta rjettarbyggingu og aðgjörð. Nú vanrækir einhver að vinna að rjettarbyggingu eða aðgjörð, skal þá hreppsnefnd tafarlaust kaupa menn á hans kostnað, til að gjöra verkið.

19. gr.

Oddviti er rjettarstjóri, nema hann skipi annan. Hver ábúandi er skyldugur til að vera rjettarstjóri eitt ár í senn, ef honum er skipað. Rjettarstjóri skal stýra rjettarhaldinu svo alt gangi sem greiðast og með sem beztri reglu. Hann skal nefna tvo fjárglögga menn til að skoða í dilkana áður út er hleypt. sjá um eptir föngum að lambsmæður helgi sjer ómerkinga og mýjetninga og að síðustu töfludraga úrtíning allan. Enginn má marka fje í lögrjett, nema með leyfi rjettarstjóra.

Allir, sem við rjettarhaldið eru, skulu hlýða rjettarstjóra í öllu, því er góða reglu og gott skipulag snertir.

20. gr.

Markkalið og mýjetíð fje, sem ekki þekkist, má selja að afloknu rjettarhaldi. Hið annað óskilafje skal skoða uákvæmlega og senda glögga lýsingu af því í næstu hreppa á alla vegu, svo fljótt sem unnt er. Hreppsnefndin skal koma óskilafjenu í gæzlu og er hver búandi skyldur að hafa þann starfa á hendi í 3 ár í röð, ef hreppsnefnd krefur og honum er það mögulegt.

Gæzlu kaup skal vera 4 aurar um sólarhring fyrir kind hverja. Það fje, sem eigendur ekki hafa helgað sjer, skal selt við opinbert uppboð eptir 14 daga frá síðari fjalleit.

21. gr.

Skylt er hverjum manni að greiða sem bezt fyrir fje annara, þar til heyrir að reka heimtufje bæ frá bæ og handsama þær kindur, er slangra saman við heimtufje, og koma þeim til skila, annaðhvort til eiganda eða þess manns, sem geymir óskilafjenað. Hver, sem gerir sig sekan í skeytingarlausri og harðýðgislegri meðferð á heimtufje, þar með talið, að svelta það inni, reka það óþyrmilega eða týna því, skal kærður til hegningar.

22. gr.

Fjallafje, sem finnst eptir að búíð er að selja óskilafje, skal rekið til oddvita, er lætur reka það til eiganda, sje hann eigi langt burtu, ella selja það við opinbert uppboð. Allan kostnað greiðir eigandi fjárins, áður en það er afhent. Þó getur finnandi rekið slíkt fje til eiganda, eða gætt þess, allt á kostnað hans, ef slíkt yrði álitíð haganlegra.

23. gr.

Fyrir lok nóvembermánaðar skal hreppsnefnd hver senda oddvita sýslunefndarinnar skýrslu yfir seldar óskilakindur í breppnum, með mörkum þess og einkennum. Því næst skal oddviti sýslunefndarinnar auglýsa í opinberu blaði á kostnað sýslusjóðs alt það óskilafje, sem á því ári hefir verið selt í sýslunni, með mörkum þess og einkennum. Gefi eigandi sig fram og sannni eignarrjett sinn að hinu selda óskilafje innan þriggja mánaða frá birtingu auglýsingarinnar, fá þeir andvirði þess að frádregnum öllum kostnaði. Að öðrum kosti rennur andvirði óskilafjár í hlutadeigandi sveitarsjóð.

VI. Um stóðhross.

24. gr.

Skyldur er sjerhver að koma öllum ótömdum stóðhrossum sínum á fjall, ef það er til í hreppnum, svo snemma á vori hverju, sem árferði og önnur atvik leyfa eptir áliti hreppsnefndar. Engum er heimilt að hafa stóðhross í heima-högum frá því þau áttu að rekast og allt fram til rjetta að hausti nema hreppsnefnd og nágraunar leyfi. Eigandi ábyrgist að stóðhross geri engan skaða. Nú ganga stóðhross í landi annara, og má þá landeigandi taka þau í gæzla, en gjöra skal hann eigandanum aðvart innan tveggja sólarhringa um að útleysa þau móti gæzlukaupi, 10 aura fyrir hvert hross um sólarhring, og gjaldi eiganda að auki skaðabætur fyrir landspjöll og annan kostnað eptir mati tveggja óvilhallra manna,

VII. Um eyðingu refa.

25. gr.

Á vori hverju skulu hreppsnefndir annast um, að reglulegar grenjaleitir fari fram í tæka tíð um allan hreppinn, bæði á afrjettum og heimalöndum, á þann hátt, sem hentast þykir og tryggilegast. Skal hún birta hverjum búanda hvernig grenjaleitum skuli hagað. Vanræki nokkur búandi, að hlýðnast slíkri skipun hreppsnefndar, hefir hún heimild til að ráða menn til grenjaleita á þess kostnað, er sýnt hefir vanrækslu í því efni.

26. gr.

Í hvert sinn, sem gren finnst, skal tafarlaust tilkynna það skotmanni þeim, sem hreppsnefndin skal áður hafa útvegað. Skal skotmaður svo fljótt, sem því verður við komið, fara á grenið.

27. gr.

Varast skal að hafa með sjer hund á greni eða í grenjaleit, sem og allt annað, er fælt getur dýrið á burtu, eða orsakað, að það flyti yrðlinga. Það skal með öllu bannið, að rjúfa greni eða spilla því á annan hátt og varðar það sektum, allt að 25 kr., ef út af er brugðið.

28. gr.

Fyrir sólarhring hvern, er skotmaður liggur á greni, skal gjalda hon um 3 kr. í kaup, og vökumanni jafn mikið, ef hann er verkfær maður, en sjálfir sjá þeir sjer fyrir fæði. Auk þess fær skotmaður 4 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, en 8 kr. fyrir hið síðara. Ekki á skotmaður heimting á borgun samkvæmt þessari grein, nema hann hafi farið á grenið eptir beiðni eða ráðstöfun hreppsnefndar. Sá, sem drepur yrðling, hvort það er gjört á greni eða utan grenis, skal fá 50 aura fyrir hvern.

29. gr.

Ekki skal gjalda skotmanni kaup fyrir að liggja á greni lengur en þrjá

sólarhringa. Yfirgefi hann grenið innan þess tíma án gildra orsaka, og hafi hann eigi unnið bæði dýrin, fyrirgjörir hann daglaunum sínum. Aldrei skal á greni liggja eptir að bæði dýrin eru unnin, en eittra skal skotmaður rækilega, ef yrðlingar eru eptir í greninu. Hreppsnefnd leggur til eitrið

30. gr.

Áliti hlutaðeigandi reyndur skotmaður, að hægfelt sje að gjöra byrgi eða skothús á þeim grenjum, er refar leggja vanalega í, skal hreppsnefnd láta gjöra það eptir fyrirsögn hans.

31. gr.

Hver sem drepur hlaupatóu á þeim tíma, er skinnið er ónýtt sem verzlunarvara, skal fá 3 kr. að launum, á hvern hátt, sem hann vinnur henni bana, Fyrir að vinna bitvarg má hreppsnefndin heita allt að 12 kr. verðlaunum.

32. gr.

Sá sem gjörir kröfu um verðlaun fyrir tóudráp, hvort það er heldur eptir 29. eða 31. gr., skal jafnan sýna skottin af hinum drepnu tóum til sannindamerkis. Þyki hreppsnefnd þess þurfa, er honum enn fremur skylt, að sanna á annan hátt, að hlaupatóur hafi drepnar verið í þeim hreppi, þar sem launanna er krafizt. Skottin tekur hreppsnefndin og brennir þau síðar á fundi.

33. gr.

Hreppsnefndir skulu árlega útvega nægilegt eitur til refadráps og síðan annast um rækilega eitrun hver í sínum hreppi, á tímabilinu frá 20. des. til 20. marz árlega, og gefa sýslunefndinni síðan nákvæma skýrslu um eitrunina og árangurinn af henni, eptir því sem kunnugt er um hana. Vanræki hreppsnefnd eða einhver, sem það hefir verið á hendur falið, að eittra, varðar það sektum.

34. gr.

Missi maður yrðling, sem hann er að ala, skal hann sekur um 25 kr. fyrir hvern þeirra. Fær uppljóstrarmaður helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitarsjóð, þar sem yrðlingurinn sleppur. Enginn má ala yrðling, nema hann áður setji hlutaðeigandi hreppsnefnd nægilegt veð fyrir, eða fái ábyrgðarmenn, er hún tekur gilda. Vanræki nokkur að útvega sjer ábyrgðarmann, eru yrðlingar hans rjett dræpir og hann sekur, eins og þeir hefðu sloppið. Þó má skotmaður ala upp yrðlinga til afnota til grenjavinnslu, án þess að setja veð eða ábyrgðarmann fyrir.

35. gr.

Allan kostnað við eyðingu refa í heimalöndum, á almenningum og af-rjettum þeim, er sveitafjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður við refaeyðingu af hlutaðeigandi landeiganda.

VIII. Almenn ákvæði.

36. gr.

Þar sem upphæð sektar er eigi ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varða brot gegn henni 1—200 kr. sekt. Sektin rennur í sveitar-sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, nema öðruvísi sje ákveðið.

37. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn þessari reglugjörð, skal fara með sem opinber lögreglumál.

38. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin öll eldri ákvæði um refaeyðingar og fjallskil í Austurbarðastrandarsýslu.

Amtráð Vesturamtsins, Reykjavík 4. dag júlímán. 1899.

J. Havsteen.

Samþykkt

fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel, um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt lögum 13. apríl 1894, um samþykktir til að friða skóg og mel, og lögum 15. febr. 1895, um að gjöra samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu, gjört eptirfylgjandi samþykkt fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel, um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

I. Um friðun á skógi og mel.

1. gr.

Hvergi er heimilt að rífa mel, víð eða lyng. Skóg skal eigi höggva, ekki slá melstöng eða víðarlauf, nema samkvæmt heimild í eptirfarandi greinum.

2. gr.

Í Landmannahreppi, Rangárvallahreppi, Fljótshlíðahreppi og Vestur-eyjafjallahreppi skipar sýslunefnd skógarverði, einn í hverjum hreppi. Skulu þeir skipaðir til þriggja ára í senn og taka úr sýslusjóði 3 kr. í þóknun fyrir dag hvörn, sem þeir sakir starfa síns eru frá heimili sínu. Auk þess getur sýslunefnd eptir atvikum veitt þeim sjerstaka þóknun, sem þó má eigi fara fara fram úr 25 kr. á ári.

3. gr.

Skógarvörður skal hafa umsjón með skógum og melgróðri í hreppnum og gefur sýslumaður honum erindisbrjef, er að þessu lýtur. Hann hefir vald til